



Þjónustuliðar- grunnám

- Námskrá -



Nafn námsskrár:

Þjónustuliðar – grunnnám

Lengd náms:

60 kennslustundir

Fjöldi eininga:

Allt að 5 einingar

Hverjum ætlað:

Starfsfólki í ræstingum, bítibúrum, matsölum og þvottahúsum

2. prentun 2008



Inngangur	1
Forsendur náms.....	2
Hugtök í námsmarkmiðum	4
Lokamarkmið	4
Skipulag náms.....	5
Almennir námsþættir og lýsingar.....	7
Kynning og námstækni	7
Samskipti	8
Líkamsbeiting	9
Smitgát	10
Vinnumarkaðurinn	11
Öryggismál	12
Sjálfsstyrking	13
Þjónusta	14
Skyndihjálp.....	15
Hreinsun – sóttgreinsun.....	16
Mat á námi og námsleið.....	17
Faglegar valgreinar og lýsingar	18
Ræsting I.....	18
Ræsting II	19
Ræsting III	20
GÁMES-gæðakerfið	21
Meðferð matvæla	22
Efnisáætlun.....	23
Þjónusta – umönnun	24
Hreinsiefni	25
Vélar og tæki	26
Smitgát og sýklavarnir við meðferð þvotts	27
Mat til styttingar á námi í framhaldsskóla.....	28



Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerði samning við Mími - símenntun um greiningu fræðsluþarfa, hönnun náms og ritun námsskrár fyrir 60 kennslustunda nám ætlað þeim sem starfa í ræstingum. Seinna kom fram ósk um að greiningin næði einnig til starfsmanna í býtibúrum og þvottahúsum.

Bakhópur vegna verkefnisins var skipaður fulltrúum frá Ríkisspítölum, frá fyrirtæki sem annast ræstingar, hreingerningar og þrif hjá fyrirtækjum og stofnunum auk fulltrúa frá Starfsafli, Eflingu - stéttarfélagi og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Niðurstaða fræðslugreiningar var 60 kennslustunda námskeið sem skiptist í þrjá 20 kennslustunda áfanga. Mikilvægt er að sérhæfing verði strax í fyrsta áfanganum, ekki síst vegna þess að mikil þörf er fyrir að hægt sé að kenna fyrsta áfangann einan og sér fyrir nýliða og starfsmenn af erlendum uppruna.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi starfsreynslu og fullt nám samkvæmt þessari námsskrá til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 5 eininga. Meta má námið á móti allt að 5 einingum í vali, 5 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi.

Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára og með stutta skólagöngu að baki. Tilgangur námsins er að auðvelda námsmönnum að takast á við verkefni sem þeim eru falin í starfi og að auðvelda þeim að flytja sig milli starfa með litlum fyrirvara. Tilgangur námsins er einnig að efla sjálfstraust námsmanna og lífsleikni og að stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms.

Námsskrá þessi er ætluð þeim sem stunda nám samkvæmt henni, leiðbeinendum og þeim sem vilja bjóða nám samkvæmt henni. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja meta starfsráðningu og starfsframa með hliðsjón af náminu, jafngilda það eða meta til jafns við annað nám.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námsskrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA þróar og viðurkennir. Einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum.



Námskeiðið „Þjónustuliðar – grunnám“ er ætlað þeim sem starfa við ræstingar, hrein-geringar eða sótthreinsun, starfa í býtibúrum, borðstofum, kaffistofum, matsölum eða þvottahúsum.

Almenn færni þjónustuliða felst einkum í að vinna verk sín vel og örugglega með þjónustulund. Fagleg færni þjónustuliða felst í að kunna skil á almennum kröfum um hreinlæti og sérstökum kröfum um smitgát, sóttvarnir og sótthreinsun. Einnig að þekkja hættur sem kunna að fylgja viðfangsefnum þeirra, að vinna af öryggi með viðeigandi efni, tæki og áhöld og að þekkja viðeigandi forvarnir og viðbrögð við hættuástandi. Auk faglegrar færni þurfa þjónustuliðar á samskiptafærni að halda vegna mikilvægra samskipta við viðskiptavinum fyrirtækjanna, starfsmenn annarra rekstrareininga eða deilda, vegna þjónustu við aðrar deildir, aðstandendur, íbúa og sjúklinga á sjúkrastofnunum auk samskipta við yfirmenn og aðra vinnufélaga sína eða aðra sem koma við sögu hjá fyrirtækjum og stofnunum. Þjónustuliðar þurfa einnig að vera undir það búnir að flytja sig milli starfa með litlum fyrirvara.

Í þessu námi eru námsmenn á misjöfnum aldri, með mislangan starfsaldur í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst. Námsmenn gangast ekki undir formleg próf.

Nám byggist á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammi-stöðu einstaklings. Námsárangur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Áhersla er lögð á aðbúnað, efni og aðferðir sem auðvelda fullorðnum nám. Til þess þarf leiðbeiningar sem taka mið af aðferðum góðra leiðtoga, leiðsögumanna og leið-beinenda. Námsefni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir for-sendum fullorðinna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Leiðbeinandi skilgreinir þarfir, tilgang og markmið starfs síns með námsmönnum með tilliti til forþekkingar námsmanna, markmiða þeirra og aðferða til náms. Hann þarf að geta raðað niður námsefni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni – reynslu hans og þekkingu – fulla virðingu. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t.d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlis-lægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni námsmanna með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þurfa framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikur, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rök-ræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta námsárangur án þess að nota til þess hefðbundin próf. Í stað hefðbundinna prófa metur hann reglulega námsferlið og námsárangur og gerir grein fyrir niðurstöðum matsins.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum eru eftirfarandi hugtök notuð:

kynnast í merkingunni vita af, vita um, komast í kynni við, vera kunnugt um og geta nefnt eða lýst að nokkru leyti.

þekkja í merkingunni bera kennsl á, kunna skil á, átta sig á, koma fyrir sig, geta fundið og geta greint á milli, lýst, sagt frá, sýnt, staðfest, vísað til, listað upp, nefnt, raðað eða mælt.

skilja í merkingunni gera sér grein fyrir og geta útskýrt, túlkað, þýtt, ályktað og gert áætlun, fjallað um, dregið saman, gert útdrátt og geta uppgötvað.

auka færni sína í merkingunni að námsmaður hafi tekið framförum í viðkomandi námsgrein frá því hann hóf nám.

vera fær um í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögðin.



Lokamarkmið

Lokamarkmið grunnámskeiðs þjónustuliða eru að námsmaður hafi:

- eflt sjálfstraust sitt og öryggi til faglegra starfa og frekara náms.
- aukið færni sína í starfi.
- bætt námsfærni sína.
- bætt samskiptahæfni sína.
- kynnst helstu tækjum og efnum sem notuð eru við ræstingar.
- þekki mikilvægi góðra sýklavarna og hlutverk ræstinga í því sambandi.
- bætt þjónustufærni sína.
- þekki mikilvægi rétttrar líkamsbeitingar.
- kynnst leiðum til vinnuhagræðingar.
- kynnst réttindum, skyldum og ábyrgð atvinnurekanda og starfsmanns.
- mætt í a.m.k. 80% kennslustunda.



Skipulag náms

Námskeiðið „Þjónustuliðar – grunnám”, er samtals 60 kennslustundir. Undirbúningur hvers námskeiðs hefst á því að atvinnurekandi lýsir störfum þeirra sem sækja munu námskeiðið. Með hliðsjón af þeirri lýsingu velja atvinnurekandi og námskeiðshaldari námsþætti. Öll námskeið skulu þó byrja með námsþættinum Kynning og námstækni og ljúka með námsþættinum Mat á námi og námsleið. Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja starfsins.

1. Heildarlengd námsins má ekki vera minni en 60 kennslustundir.
2. Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang grunnnáms þjónustuliða og heildarlengd þess ekki minni en 60 kennslustundir.
3. Breytingar sem nema meira en 10% af heildarlengd námsins eru aðeins heimilar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Þessi námsskrá er byggð á eftirfarandi námsþáttum:

Almennir námsþættir	Kest.
1. áfangi	20
Kynning og námstækni	2
Samskipti	4
Líkamsbeiting	4
Smitgát	4
Vinnumarkaðurinn	2
Fagleg valgrein	4
2. áfangi	20
Öryggismál	4
Sjálfsstyrking	4
Þjónusta	4
Fagleg valgrein	8
3. áfangi	20
Skyndihjálp	8
Hreinsun – sótthreinsun	3
Fagleg valgrein	8
Mat á námi og námsleið	1
Samanlagt	60

Faglegar valgreinar	Kest.
Ræstingar	
Ræsting I – bókleg og verkleg	4
Ræsting II – bókleg og verkleg	8
Ræsting III – bókleg og verkleg	8
Býtibúr og kaffiumsjón	
GÁMES-gæðakerfið	4
Meðferð matvæla	8
Efnisáætlun	4
Þjónusta – umönnun	4
Þvottahús	
Hreinsiefni	8
Vélar og tæki	8
Smitgát og sýklavarnir í meðferð þvotts	4

Almennir námsþættir og lýsingar



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að öll umgjörð og framkvæmd námsins sé til að greiða fyrir námi. Enn fremur að námsmenn námskeiðsins hafa misjafna lífsreynslu, læra með misjöfnum hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Framsetning námsefnis, vægi og innihald námsþátta verður því að laga, eins og kostur er, að þörfum þeirra.

Nauðsynlegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðinna sem eru að reyna sig í námi jafnvel eftir langt hlé.



Kynning og námstækni

2 kennslustundir

Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist náminu sem framundan er.
- þekki leiðir til að læra á áhrifaríkan hátt.
- auki færni sína í að vinna skipulega.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að kynna námið sem framundan er og hvernig fólk lærir á ólíkan hátt. Áhersla er lögð á að námsmenn geri sér grein fyrir námsstíl sem hentar þeim best. Sérstaklega er fjallað um mikilvægi jákvæðs viðhorfs til náms og áhrif þess á námsárangur. Einnig er lögð áhersla á að námsmenn kynnist aðferðum námstækni, t.d. aðferðum til að muna og skilja. Þá verði rætt um áhrif umhverfis, viðmót kennara, líðan námsmanna og fleira sem getur haft áhrif á námsárangur.

Námsaðferð

Leiðbeinandi dregur upp heildarmynd af því sem hefur áhrif á nám og fjallar um helstu þætti í námstækni. Þankahríð og umræður. Verkefni.

Námsefni

Námsskrá skólans og dagskrá. T.d. Námstækni, tekin saman af Mími - símenntun.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki samhengið milli sjálfstrausts og framkomu og áhrif þeirra í samskiptum.
- þekki undirstöðuatriði tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning.
- þekki helstu hornsteina samskiptatækninnar.
- auki færni í hvernig hægt er að móta gott andrúmsloft á vinnustað.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á ólík samskiptamunstur og mismunandi framkomu fólks eftir hlutverkum. Fjallað er um helstu atriði í samskiptatækni s.s. að hlusta, gagnrýna, taka við gagnrýni, hrós og hvað góð vinnustaðamenning er.

Námsaðferð

Leiðbeinandi leggur fram aðalatriði og samhengi þeirra, uppbyggilegar æfingar, rök-ræður, munnleg tjáning, myndverkefni og skrifleg verkefni. Hópvinna og hóplausnir. Áhersla á virkni þátttakenda og að hver og einn fái að njóta sín.

Námsefni

T.d glærur frá leiðbeinanda, umræður og efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu atriði er varða líkamsbeitingu.
- kynnist uppbyggingu líkamans með áherslu á vöðva, liði og hrygg.
- auki færni sína í að lyfta, færa og bera með minna álagi á stoðkerfi líkamans.
- þekki leiðir til vinnuhagræðingar.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á byggingu líkamans, líkamsstöðu, vinnustellingar og lyftitækni. Lögð er áhersla á að námið sé miðað við vinnuumhverfi námsmanna. Mikilvægt er að námsmenn fái tækifæri til þess að tengja námsefnið við líkama sinn, vinnustellingar, hugsanleg álagseinkenni og starfsumhverfi sitt.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, leggur fyrir verkefni, stjórnar umræðum og æfingum.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist gildi almenns hreinlætis.
- þekki algengar smitleiðir og verði færir um að koma í veg fyrir smit.
- þekki algengustu sýkingar sem komið geta upp á vinnustað þeirra.
- þekki mikilvægi sóttvarna og hlutverk starfsmanna í þeim.
- verði færir um að viðhafa smitgát.
- þekki viðbrögð við sýkingum.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að kynna gildi persónulegs hreinlætis og almenns hreinlætis í umhverfinu, sóttvarnir og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir. Lögð er áhersla á að námsmaður þekki algengar smitleiðir í umhverfinu og þekki helstu aðgerðir til að eyða sýklum. Lögð er áhersla á að námsmenn kynnist hugtakinu smitgát og þekki mikilvægi smitgátar þegar farið er milli vinnusvæða.

Námsaðferð

Leiðbeinandi útskýrir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. ljósrit og annað efni sem leiðbeinandi leggur til.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki starfsemi stéttarféлага.
- þekki helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
- þekki hvaða upplýsingar eru í kjarasamningum.

Námslýsing

Megináhersla er lögð tilgang og starfsemi stéttarféлага, störf trúnaðarmanna og helstu réttindi og skyldur eins og þau birtast í lögum og kjarasamningum.

Námsaðferð

Leiðbeinandi útskýrir efnið, bendir á samhengi og stjórnar umræðum.

Námsefni

T.d. ljósrit frá leiðbeinanda, kjarasamningar og kynningarefni frá stéttarfélögum.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki algengustu slysa og óhöpp í starfi þjónustuliða og viðeigandi forvarnir og viðbrögð við þeim.
- þekki tilgang og skipulag viðbragðsáætlana vinnustaða og starfsstöðva.
- þekki helstu aðferðir til eldvarna og viðbrögð við merkjum um kviknaðan eld.
- þekki tilgang áhættumats á vinnustað.
- þekki markmið og tilgang með öryggisblöðum (Safety Data).

Námlýsing

Megináhersla er lögð á öryggi á vinnustað, forvarnir og viðbrögð vegna slysa og bruna. Lögð er áhersla á helstu aðferðir við eldvarnir, viðbrögð og flóttaleiðir. Lögð er áhersla á að námsmenn verði færir um að bregðast við bráðatilfellum. Einnig er lögð áhersla á að námsmenn þekki áhættumat sem gert er fyrir vinnustað og markmið og tilgang öryggisblaða.

Námaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, útskýrir, sýnir lifandi myndir, stjórnar verkefnavinnu, umræðum og vettvangsskoðun.

Námsefni

T.d. frá Vinnueftirliti ríkisins, margmiðlunarefni og ljósrit frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust.
- þekki hvernig einstaklingurinn getur haft áhrif á eigið sjálfstraust.
- þekki hvernig þeir geta öðlast færni til að byggja upp sjálfstraust sitt.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á mismunandi framkomu fólks, ákveðna, óákveðna og örugga framkomu. Áhrif mismunandi sjálfstrausts á framkomu einstaklinga. Atriði sem helst geta ógnað sjálfstrausti og hvernig bregðast megi við. Leiðir til að stuðla að betra sjálfstrausti og öruggari framkomu, þannig að einstaklingur nái betri árangri í samskiptum, sé ánægðari og líði betur.

Námsaðferð

T.d. sjálfsskoðun, umræður, lausnaleikir og æfingar.

Námsefni

Námsefni t.d. Sjálfsefning hjá Mími - símenntun



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki tengslin milli samskipta og þjónustu.
- þekki undirstöðuatriði í þjónustu.
- þekki undirstöðuatriði þjónustu innan fyrirtækis, þ.e. hvernig ein deild eða rekstrareining þjónustar aðra innan fyrirtækis.
- þekki þjónustuhlutverk sitt.
- þekki leiðir til að taka á kvörtunum á farsælan hátt.

Námslýsing

Megináhersla er á hvernig góð þjónusta byggir á góðu sjálfstrausti og samskiptum. Farið í mikilvæg atriði varðandi þjónustu við viðskiptavinum. Hvernig á að taka á erfiðum viðskiptavinum og taka á móti kvörtunum. Þjónusta inn á við, þegar ein deild þjónustar aðra, flöskuhálsar og upplýsingaflæði. Samskipti við samstarfsfólk.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnrir efnið, umræður og æfingar. Greiningardæmi, lausnaleikir.

Námsefni

T.d. frá leiðbeinanda, efni frá Mími - símenntun, greiningardæmi og lausnaleikir.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- auki þekkingu sína á skyndihjálþ og færni sína í að beita henni á öruggan hátt.
- auki þekkingu sína og færni í að meta almenn einkenni algengra sjúkdóma og áverka.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat, endurlífgun fullorðinna, blæðingu, lost og bráðasjúkdóma.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og verklegum æfingum.

Námsefni

Skyndihjálþ og endurlífgun; Rauði kross Íslands 2000. Vinnubók. Myndbönd.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- skilji hvað felst í þrifum og sóttgreinsun á stofu meðan sjúklingur er í einangrun.
- skilji hvað felst í þrifum og sóttgreinsun á stofu eftir að einangrun er aflétt.
- auki færni sína í að þrífa og sóttgreinsa áhöld.
- skilji hvað felst í sóttkví, tilgangi hennar, umgengni og þrifum.

Námslýsing

Megináhersla er, eftir því sem við á, lögð á umönnunar-, hjúkrunar- eða sjúkrahúsa-umhverfið, mikilvægi hreinsunar og sóttgreinsunar til að smit og sýklar berist ekki á milli. Lögð er áhersla á að námsmenn kunni að þrífa og sóttgreinsa meðan á einangrun stendur og eftir að einangrun er aflétt. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi vandvirkni við hreinsun og sóttgreinsun svæða og áhalda.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og verklegum æfingum.

Námsgögn

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til. Myndbönd.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- leggi mat á námið og markmið þess.
- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu.

Námslýsing

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað hverjum einstökum og hópnum í heild. Námsmenn bera saman stöðu sína nú í lok námsins við markmið sem þeir settu sér í upphafi námsins og væntingar sem þeir höfðu til þess þá.

Leiðbeinendur meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf. Í stað þess meta þeir námsferlið og nota símataðferðir eins og t.d. gátlista til að staðfesta að námsmenn hafi á viðunandi hátt náð lokamarkmiðum námsleiðarinnar svo og markmiðum einstakra þátta námsins.

Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

Námsaðferð

Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur t.d. fyrir gátlista, umsagnarblöð eða annað sem hjálpar til þess að námsmenn geti metið námskeiðið skipulega. Leiðbeinandi getur látið fara fram jafningjamat en í einkaviðtali bera leiðbeinandi og námsmaður stöðu hans nú saman við stöðu námsmanns í byrjun náms auk þess að kanna hvort hann hafi náð markmiðum sínum, námskeiðið staðist væntingar hans og svo leggja þeir á ráðin um framhaldið.

Námsefni

Gátlistar og umsagnarblöð.



Ræsting I

4 kennslustundir

Námsmarkmið

Að námsmenn

- auki færni sína í notkun og umhirðu áhalda og tækja til ræstinga og hreingerninga.
- auki færni sína í líkamsbeitingu við ræstingu og hreingerningu.
- kynnist kröfum um hreinlæti og skipulag ræstinga í samræmi við þær.
- þekki sérstakar kröfur sem gerðar eru um hreinlæti, sýkla- og sýkingavarnir á umönnunar-, hjúkrunar- og sjúkrastofnunum.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á grundvallarþekkingu á ræstitækni, skipulagi ræstinga og hreingerninga á mismunandi svæðum með hliðsjón af kröfum sem gerðar eru um þrif, hreinlæti, sýkla- eða sýkingavarnir. Einnig fjallað um líkamsbeitingu og vinnuhagræðingu jafnframt því að lögð er áhersla á notkun áhalda og tækja og umhirðu þeirra miðað við það umhverfi sem þrifið er.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, leiðbeinir í verklegu námi, stjórnar umræðum og æfingum.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til. Áhöld og tæki til verklegs náms á vettvangi.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu hreingerningarefni.
- þekki almenna efnisfræði.
- þekki í hvaða röð á að þrifa.
- auki færni sína í að þvo glugga og þurrka af.
- auki þekkingu sína á helstu áhöldum og tækjum.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á notkun viðeigandi hreinsiefna og hitastig vatns. Lögð er áhersla á að námsmaður þekki mikilvægi þess að ræsta í réttri röð til hagræðis og til að varna útbreiðslu örvera. Lögð er áhersla á notkun mismunandi tækja við ólíkar aðstæður. Verklef kennsla.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, útskýrir, bendir á samhengi og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til. Áhöld og tæki til verklegs náms á vettvangi.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki mismunandi gerðir ræstinga.
- auki færni sína í notkun mismunandi efna og áhalda við ræstingar.
- kynnist mismunandi áhöldum, tækjum og nýrri tækni.

Námslýsing

Lögð er áhersla á mismunandi aðferðir við ræstingu með tilliti til aðstæðna. Lögð er áhersla á fjölbætta þekkingu á notkun ýmissa efna og áhalda við mismunandi aðstæður og notkun tækja og áhalda og nýjustu tækni með vinnuvernd að sjónarmiði.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar verklegum æfingum og stjórnar umræðum. Farið í vettvangsferð í fyrirtæki sem selja ræstingavörur, tæki og áhöld og vinnuaðferðir með ýmsum tækjum sýndar.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til. Áhöld og tæki til verklegs náms á vettvangi.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist hugmyndafræði GÁMES-gæðakerfisins.
- þekki GÁMES-kerfið.
- auki færni sína í gæðameðhöndlun og framreiðslu matvæla.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á meginhugmyndafræði GÁMES-kerfisins og þær reglur sem kerfið byggist á. Lögð er áhersla á mikilvægi þess gæðaferils sem kerfið myndar við framleiðslu og framreiðslu matvæla. Einnig er lögð áhersla á að bregðast rétt við atvikum og fyrirbyggjandi aðgerðir.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til, úr Gæðahandbók Menntaskólans í Kópavogi.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki ábyrgð sína í meðferð matvæla.
- þekki örverufræði og gerlamyndun í matvælum.
- auki færni sína í öruggum frágangi og geymslu matvæla.
- auki færni sína í framreiðslu og framsetningu matvæla.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á myndun örvera í umhverfi matvælaframleiðslu og við framreiðslu matar og fyrirbyggjandi aðgerðir. Einnig lögð áhersla á geymslu matvæla. Lögð er áhersla á framsetningu matar og framreiðslu matar.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stýrir umræðum og verkefnum. Farið í vettvangsferð í framreiðslueldhús. Sýnikennsla.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til. Myndbönd.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- verði færir um að gera efnisáætlun í innkaupum.
- kynnist rekstri kaffistofa/mötuneyta.
- verði færir um að nota viðeigandi tölvukerfi í afgreiðslu.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á áætlanagerð við innkaup og magnútreikninga miðað við fjölda matargesta. Lögð áhersla á grunnatriði við rekstur kaffistofa og mötuneyta. Einnig er farið í helstu atriði við notkun tölvu við störf og afgreiðslu á kaffistofum og mötuneytum.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stýrir umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til, námsgögn fyrir tölvunám frá Mími - símenntun.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- auki færni sína í að veita góða þjónustu.
- auki færni sína í samskiptum við viðskiptamenn sína.

Námslýsing

Megináhersla lögð á mikilvægi góðrar þjónustu við samstarfsmenn, starfsmenn á öðrum deildum, skjólstæðinga og aðstandendur. Þar sem það á við er einnig lögð áhersla á stuðning og aðstoð við aldraða og sjúka við að nærast á sjúkrabeði, í borðsal eða kaffistofu.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stýrir umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki meðferð, hreinsun og þvottapól á taui.
- auki færni sína í meðhöndlun, notkun og umgengni við algeng þvotta- og hreinsiefni.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á meðferð á taui þvotta- og hreinsunarpól þess og afleiðingar rangrar meðferðar. Einnig er fjallað um notkun, meðferð og afleiðingar rangrar notkunar ýmissa þvotta- og hreinsiefna.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og verkefnum. Sýnikennsla, vettvangsferð.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist almennu öryggi og umgengni við vélar og tæki.
- auki færni sína til að vinna á vélum og tækjum.
- kynnist mikilvægi reglulegs eftirlits á vélbúnaði og tækjum.
- þekki til Vinnueftirlits ríkisins og reglna um öryggishlífar.

Námslýsing

Megináhersla lögð á notkun og aðra umgengni við vélar, tæki og áhöld sem notuð eru til þvotta. Einnig notkun viðeigandi öryggisbúnaðar og örugga umgengni við vélar og tæki. Lögð er áhersla á verklegt nám á vinnustað.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni. Námsmenn kynnast notkun véla, tækja og áhalda á vettvangi.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til. Efni frá Vinnueftirliti ríkisins um persónu- og öryggishlífar.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki nauðsyn smitgátar við móttöku og meðferð óhreins og sýkts þvottar.
- þekki nauðsyn smitgátar við meðferð, þökkun, geymslu og afhendingu á hreinum þvotti.
- skilji mikilvægi almenns og persónulegs hreinlætis við störf.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á mikilvægi hreinlætis, notkun hlífðarfatnaðar við móttöku á óhreinum og sýktum þvotti og hvernig koma má í veg fyrir smit milli svæða á vinnustað. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi hreinlætis í umgengni og afhendingu á hreinum þvotti og notkun hlífðarfatnaðar. Lögð er áhersla á smitgátarviðbrögð.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stýrir umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni

T.d. ljósrit og verkefni sem leiðbeinandi leggur til. Handbók starfsmanna.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta starfsreynslu og fullt nám samkvæmt námsskrá fyrir „Þjónustuliðar – grunnám“ til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 5 eininga. Meta má námið á móti allt að 5 einingum í vali, 5 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti má til dæmis meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA:

LKN 103 Lífsleikni

LÍB 101 Líkamsbeiting

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda á námskeiðinu „Þjónustuliðar – grunnám“
2. Starfsferilsskrá
3. Viðtöl við einstakling þar með talið sjálfsmat
4. Stöðupróf

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um full-orðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

www.frae.is, sími 599 1400